

Vestmannaeyjabær
b/t Dagný Hauksdóttir
Tangagötu 1
900 Vestmannaeyjar

Reykjavík 6. október 2020
UST202009-186/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Móttökustöð úrgangsefna í Vestmannaeyjum

Vísað er til erindis skipulags- og umhverfisfulltrúa Vestmannaeyjabæjar er barst 16. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir móttökustöð úrgangsefna í Vestmannaeyjum.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn til Skipulagsstofnunar varðandi frummatsskýrslu fyrir ofangreint verkefni dags. 21. september sl.

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er um 5,9 ha og helstu viðfangsefni deiliskipulagsins eru að afmarka móttökusvæði og byggingarreiti, setja skilmálar um frágang og umgengni innan svæðis og skilgreining á athafnasvæði og aðkomu fyrir almenning.

Hraun

Í greinargerð kemur fram að stöðin er í Kirkjubæjarhrauni og fellur hraunið undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð kemur fram að hraunið að framkvæmdarsvæðinu er að mestu raskað. Auk þess kemur fram að höfð er sérstök aðgæsla við skipulag móttökustöðvarinnar vegna nálægðar við verndað hraun. Umhverfisstofnun telur myndir 1.4 og 1.5 vera til fyrirmyndar og upplýsandi, en hins vegar telur Umhverfisstofnun óljóst hvort tillagan geri ráð fyrir röskun á óröskuðu hrauni.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að deiliskipulagssvæðið afmarkast við veg sunnan við athafnasvæðið og nái ekki inn á hraunjaðarinn.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. hrauntraða og hraunfláka. Umhverfisstofnun bendir á að þó svo að hraunið á svæðinu sé nú þegar raskað að mestu leyti réttlætir það ekki frekari röskun á óröskuðu hrauni.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Í umhverfisskýrslu er áhrif framkvæmdarinnar á nútímahraun í kafla sem fjallar um ásýnd og landslag. Umhverfisstofnun telur æskilegt að áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir séu metin í sér kafla.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Uppgræðsla

Í greinargerð kemur fram að hluti af hrauninu er skógræktarsvæði og hafa bæði íbúar, sveitarfélagið og fyrirtæki lagt sitt af mörkum við uppgæðslu á hrauninu. Í greinargerð kemur ekki fram hvaða plöntutegundir eru notaðar til uppgæðslu.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er ræktun útlendra plöntutegunda óheimil á svæðum sem njóta sérstakrar verndar eða eins og segir í greininni: „*Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.*“.

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Helgafell og Eldfell og er númer 723 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst sem stórfenglegu landslagi og fræðandi um myndun og mótun lands.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi áhrif tillögunnar á ásýnd svæðisins og hvort tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.

Olía

Umhverfisstofnun bendir á að olúgeymar þurfa að uppfylla öll viðeigandi ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi í landi, með síðari breytingum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram hvort um sé að ræða húsaeyma eða neyslugeyma, skv. skilgreiningum reglugerðarinnar.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að allt skólp frá starfsmannaaðstöðu skal uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Þar kemur fram að til að uppfylla kröfu um tveggja þrepa hreinsun skal vera siturbeð auk rotþróar.

Hljóðvist og loftgæði

Í greinargerð er vitnað í sérfræðiskýrslur sem fjalla um áhrif stöðvarinnar á hljóðvist og loftgæði. Umhverfisstofnun telur æskilegt að fjallað sé nánar um niðurstöður þessara þátta í greinargerð og hvernig niðurstöðurnar samræmast ákvæðum reglugerða nr. 724/2008 um hávaða og reglugerð um loftgæði nr. 787/1999.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllt



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur